



Svífðu lítla, létta blað...

mars 2017, 1. tbl., 6. árg.
Fræðslusvið Akureyrarbæjar



Aðstoð í íslensku á Amtsbókasafninu

Konur í Lionsklúbbnum Ylfu bjóða nú upp á aðstoð við íslenskunám á Amtsbókasafninu einu sinni í viku, á þriðjudögum á milli kl. 16:30 og 17:30.

Allir eru velkomnir, bæði börn og fullorðnir og því upplagt fyrir foreldra að mæta með börnum sínum.

Ekki þarf að borga fyrir þessa aðstoð sem þær Lionskonur vinna í sjálfboðavinnu.

Hér er hægt að finna auglýsingar, bæði á ensku, pólsku og dönsku:

<http://erlendir.akmennt.is>

Það væri mjög vel þegið ef kennarar gætu bent nemendum sínum og fjölskyldum þeirra á þennan möguleika.

Nýir erlendir nemendur

Um síðustu áramót gerði ég nokkrar breytingar á stundaskránni hjá mér vegna þess að nýir erlendir nemendur hafa verið að koma í skóla bæjarins.

Þrír nemendur frá Lettlandi komu í Glerárskóla um áramót, drengur frá Lettlandi í Brekkuskóla og núna í lok janúar kom fimmta sýrlenska fjölskyldan í bæinn. Það eru hjón með þrjú börn á grunnskólaaldri sem hafa fengið húsnæði í Þórunnarstrætinu. Við byrjuðum íslenskukennsluna með því að ég heimsótti þau á hverjum degi í klukkustund og allir lærðu íslensku saman. Eftir hálfan mánuð, þegar öllum formsatriðum og læknisskoðunum var lokið fóru krakkarnir svo í Brekkuskóla og foreldrarnir halda einnig áfram með sitt íslenskunám.

Nýtt verkefnahefti á vefnum

Ég var að setja nýtt verkefnahefti á vefinn. Það hæfir krökkum á mið- og umglingastigi sem eru búnir að fóta sig nokkuð í íslenskunni. Þarna kennir ýmissa grasa; bæði lesskilningur, orðaforði og smávegis málfræði.

slóðin: <http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/02/strakaverkefni.pdf>



Íslenskunám í eldhúsinu heima. Hér er það borðbúnaðurinn sem er skoðaður og ný hugtök fest í minni.

Tungumál er gjöf – nýr vefur fyrir leikskólakennara, <http://www.tungumalergjof.com/>

Þessi vefur er til að aðstoða leikskólakennara við að skipuleggja vinnu með málörvun, bæði í leikskólanum og í samstarfi við foreldra. Hann tengist líka dönskum vef, <http://www.ltk.dk/sprog-er-en-gave> þar sem er m.a. stutt mynd á mörgum tungumálum fyrir foreldra. Þar er bent á mikilvægi þess að tala við börn frá unga aldri, til að auka orðaforða þeirra og skilning.

Vinna með tjáningu og samtal

Oft eru nemendur feimnir og finnst erfitt að tjá sig á framandi tungumáli. Ein leið til að brjóta upp kennslu og fá samtal í gang er að nota tening sem nemendur kasta og þurfa að bregðast við fyrimælum. Það getur verið að botna setningu, t.d. Mér leiðist þegar..., að búa til setningu við mynd, finna fleirtölumynd orðsins sem kemur upp o.s.frv.

Nemendur geta líka tekið þátt í vinnunni og brotið og límt teninginn sjálfir áður en byrjað er að vinna. Vefslóð þar sem hægt er að búa til teninga eftir áhuga og þörfum hvers og eins:

<http://www.toolsforeducators.com/dice/>



Frístundastyrkur Akureyrarbæjar

Frístundastyrkur til að greiða fyrir þátttöku í félagsstarfi barna sem fædd eru frá 2000 til og með 2011 gildir hvert almanaksár og núna árið 2017 er hann kr. 20.000.-

Til þess að reyna að sjá til þess að erlendir foreldrar viti af þessum styrk höfum við nú þýtt upplýsingar um hann á **arabísku, ensku, lettnesku og pólsku**. Það væri vel þegið ef þið hefðuð tækifæri til að koma þýðingunum til foreldra erlendra barna.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/02/fristundastyrkur_2017-1.pdf

Karlkyns íþróttakennarar athugið!

Við sjáum stundum að sundfærni erlendra barna og unglunga sem hingað flytja er ekki til jafns við íslenska jafnaldra þeirra. Áform hafa verið uppi um að bjóða sýrlenskum karlpeningi (grunn- framhaldsskóla og fullorðunum) upp á sundkennslu en okkur vantar **karlkyns** sundkennara. Ef einhver hefur áhuga eða getur bent okkur á einhvern sem vildi taka að sér sundnámskeið viljum við biðja viðkomandi að hafa samband við mig eða Kristínu Sóleyju verkefnastjóra móttöku flóttamanna (netfang: kristin@akureyri.is).



*Bestu kveðjur,
Helga*

Nám móðurmáls í fjarkennslu!

Núna í febrúar 2017 hófu þrír kennarar hjá samtökunum **Móðurmál** (<http://modurmal.com>) kennslu með fjarnámsskipulagi í samstarfi við Karaconnect.com í rússnesku, tagalog og tailensku. Fleiri tungumál munu bætast við síðar.

Allir geta sótt um móðurmálskennslu og áhugasamir geta sent póst á modurmal@modurmal.com

Verð miðast við stundakennaralaun. Áhugavert að fylgjast með þróuninni hjá þeim í framtíðinni!